

A 1889/kultur

**Flytjandi** Flokkahópur miðjumanna  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## **Þingmannatillaga um að koma á fót norrænni kennslustofnun fyrir tónlistarnemendur**

### **Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að koma á fót norrænni kennslustofnun fyrir tónlistarnemendur

### **Bakgrunnsupplýsingar**

Kórónuveirufaraldurinn hefur reynt mjög á þolrifin í norrænu samstarfi og þess vegna er Norðurlandabúum nauðsyn að finna nýja samstarfsfleti. Faraldurinn hefur kennt þeim að nýta stafrænar lausnir í ríkara mæli þegar þeir leita lags hverjir við aðra. Sama á við um börn og ungmenni en þau hafa eins og aðrir sótt rafræna fjarfundi þegar þau hafa orðið að stunda heimanám vegna farsóttarinnar. Þessi reynsla gæti komið norrænu löndunum að góðu gagni tækju þau upp samstarf um annars konar nám fyrir börn og ungt fólk.

Í Svíþjóð hefur verið sett á laggirnar kennslustofnun fyrir efnilega tónlistarmenn sem nefnist NCM (Nationellt centrum för musiktalanger) en þar geta börn og ungmenni á aldrinum 10 til 18 ára notið tónlistarkennslu af ýmsu tagi. Þau geta bæði stundað staðnám og fjarnám á netinu og lært að leika á alls konar hljóðfæri. Þrenns konar námskeið eru í boði: Opin námskeið, opið nám og nám fyrir hæfileikaríka nemendur. Opnu námskeiðin eru fyrir alla sem hafa nokkurra ára reynslu af hljóðfæraleik. Opna námið er fyrir umsækjendur sem hljóta inngöngu eftir að dómnefnd hefur lagt mat á hljóðritun frá þeim. Til að komast að í námi fyrir hæfileikaríka nemendur þarf samþykki að loknu umsóknarferli. Allar þessar námsleiðir eru aðgengilegar á netinu og því er unnt að stunda námið heima. Kennslan er ókeypis fyrir börn og ungmenni. Nú orðið tengjast þessu námi próffessorar og leiðbeinendur fyrir alla aldurshópa frá mörgum löndum á Norðurlöndum og í Evrópu.

Þessa kennslustofnun sem Svíar hafa komið á fót í fyrir tónlistarnemendur á að þróa og stækka svo að langtum fleiri börn og ungmenni á



Norðurlöndum geti nýtt sér námsframboðið. Getur það stuðlað að því að börn og ungt fólk nái sambandi hvert við annað um tónlistarflutning þvert á landamæri innan Norðurlanda og þar með styrkt frekar það norræna tengslanet sem fyrir hendi er.

Norðurlandaráð ætti að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún komi á fót norrænni kennslustofnun fyrir tónlistarnemendur sem gerir börnum og ungmennum kleift að þroskast. Taka bæri mið af hugmyndaþróun Svía og bjóða bæði upp á nám á netinu og staðnám þar sem fólk hittist í raunheimi. Skynsamlegt væri að þróa námið í samstarfi við norræna samstarfsaðila NCM: Musikalisk Grundkursus Aarhus í Danmörku, Alþjóðlegu tónlistarakadémiuna í Hörpu á Íslandi, Valdres Sommersymfoni og Barratt Due Musikkintituut í Noregi. Væri einnig við hæfi að fá til samstarfs unglingadeild Sibelíusar-akadémiunnar í Finnlandi svo að öll norrænu löndin komi að verkefninu.

Rafrænt hinn 24. júní 2021

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)*

*Arman Teimouri (L)*

*Bertel Haarder (V)*

*Edmund Joensen (sb)*

*Heli Järvinen (grænum)*

*Joakim Strand (sv)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Linda Modig (C)*

*Magnus Ek (C)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Simon Holmström (HI)*